

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 21.06. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:15

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigpórsdóttir (BS).

1. Stýri á Skeglu

GGH með tillögu um að kaupa nýtt stýri á Skeglu, kostar 50.000. ÁBF: var lagað fyrir þremur árum því sprakk á samsetningum verður aldrei gott honum og EK finnst dýrt. EK segir að hægt sé að geyma það gamla. GGH finnst ekki dýrt miðað við annað, það þurfi mann með réttindi til að plasta þetta, fáum á þessu verði því er til. ÁBF og EK segja enga aðra möguleika. FH segir okkur vera búin að panta mikið, hann og GH segja að búið sé að versla fyrir 6-700.000 í Danmörku. GGH segir að munum selja bönd af rúllum. EK segir að við verðum að koma klúbbnum á rexpöl finnst erfitt að spara á þessu sviði. GGH og TÆ segja að það kosti líka að lappa uppá annað, hægt er að þurka gamla stýrið á einhverjum árum. FH finnst þetta skynsamlegri kostur. 4 greiða atkvæði með 2 sitja hjá.

2. Ráðning kennara.

EK hefur talað við Friðrik Örn, um 1000 kr tímalaun. Hann er að hugsa málið en hefur mikið að gera. EK segir hann vera hluta af fræðsludæmi hjá SÍL og hann sé framtíðarmaður í þessu. TÆ og GGH sammála að ef við fáum mann fáum við líka tekjur af þessu. FH spyr hvort hafi verið minnst á tímafjölda. EK segir að séu 17 klst, lágmark fjórir, hámark fimm á hverju námskeiði, finnst skilyrði að keyptur verði mótor. TÆ spyr um okkar mótor. FH reiknar út 70.000 að frádregnum 17.000. FH vill að hann leigi bátinn og greiði klúbbnum, vill afgangið fyrir fram. TÆ skilur það vel. FH segir að menn borgi fyrir námskeiðið, þeir sem fara á það þurfi að ganga í klúbbinn. EK samsinnir, Þytur í samkeppni við Benna, ef menn eru ekki í klúbbnum þurfi að greiða vsk. ÁBF, TÆ og EK segja að sé líka tryggingamál. FH segir að náum nöfnum inn í klúbbinn. ÁBF með tillögu um að ef Friðrik Örn samþykkir að taka þetta að sér þá muni hann og FH ganga frá útfærslu á þessu. 6 samþykkja tillöguna.

3. Heimasíða

Ek segir flotta, spyr hvort ekki hafi átt að hafa stóra flotta mynd. ÁBF finnst sjálfsagt að klúbburinn verði sér út um digital myndavél, er ekki að krefjast að verði keypt, en einhvern veginn redda því, það vanti myndir, hann er ánægður með viðbrögð en þarf að fá eitthvað til að senda á netið. BS byrjuð að vinna upp úr sögu Hafnarfjarðar um klúbbinn. ÁBF segir að ÍBH hafi gefið út blað þar sem stiklað var á stóru í sögunni. GGH spyr hvar gögn frá fyrri riturum eru. ÁBF segir að síðan sé vakandi, komin er skráning á námskeið í gegnum síðuna, segir að þurfi að staðfesta við viðkomandi. Slóðin er www. Islandia.is, velja á vefpóst user name er sailingo1@islandia, password asfall, ÁBF segir að það sjáist frá hverjum pósturinn er. GGH segir að virki eins og hotmail. Tölvan frammi: user name stjornin password: hamarinn. ÁBF hefur rætt við islandia, er lénsvistun en ekki innhringisamband, getum sótt um það á 900 kr. á mánuði, er óhress með svörin vill geta tengt sig inn, Pétur mátti ekki segja til, e.t.v. best að fara í banka og fá þar, en hægt að uppfæra héðan. ÁBF segir að kosti 900 á mánuði að hafa heimasíðu og 3 pósthöng, getum fengið mörg en kostar meira, ef fleiri vilja vera með þetta. ÁBF vinnur áfram í þessu, er með hugmyndir um að ef menn vilji vera með sailing.is þá gætum við farið fram á að fá frítt fyrir okkur en aðrir greiði beint til islandia. FH vill ekki að menn flakki á vefnum um sailing.is

4. Þjálfun lengra kominna.

BS segir nemanda sem hefur lokið 4 námskeiðum hafa komið með föður sínum til að spyrja hvað er í boði fyrir hann, við verðum að geta gert eitthvað fyrir þessa 4-7 krakka sem eru komnir svona langt. EK segir okkur ekki hafa fundið þjálfara, leggur til að við bjóðum þessum krökkum að koma með eldri krökkunum, fá æfingu við að sigla sjálf, TÆ tekur undir en segir að það þurfi eftirlit og fleira. ÁBF finnst til skammar að koma hingað á æfingu og enginn er á staðnum ætti að vera opið frá 6-9, hann er til í að vera á tuðrunni. EK veit til þess að í Kópavoginum hafi verið opið 17-19 krakkar sem voru lengra komnir sigldu mest sjálf en hópurinn var góður og stemmning í kringum þetta EK segir að ef við tímum ekki að eyða pening í þetta þá verðum við að gera þetta sjálf. GGH segir að það sé hægt að koma foreldrunum inn í þetta. BS segir að það þurfi skyndihjálpar kunnáttu. GGH finnst ekki endalaua þörf á námskeiðum í öllu. GGH og FH segja að krefjist 3 manna. FH segir að Tinna hafi sagt að í Danmörku virki klúbbarnir best þar sem foreldrar koma með krökkunum og aðeins væri þjálfari einu sinni í viku, þess fyrir utan æfa krakkarnir sig. BS segir að vinnuskólakrakkana vera til í að fá frí eftir hádegi og vinna í staðinn sama tímafjölda á kvöldin. FH segir að Rúnar Steinsen hafi verið til í að koma eitthvað. ÁBF segir að starfsemin megi ekki lokast, segir klúbbinn vera lokaðan eftir kl. 4 þá er allt harðlæst segir að það verði að opna klúbbinn, segir að 1 klst úti á sjó taki um 2 tíma. Rætt að menn verði tilbúnir kl 18; eftirlitsmaður í húsi opni og bíði eftir að það hafi verið gengið frá, eftirlitsmaður á bát getur farið þegar bátarnir eru komnir í land. Ákveðið að hafa opið mánudaga (TÆ tekur þá), Miðvikudaga (EK tekur þá) og fimmtudaga. ÁBF vill líka sjá Secret siglingar, hann spyr um tímann eftir hádegi. FH segir að þá sé von á leikjanámskeiðum og Tómsund. TÆ segir að við höfum verið búnir að ákveða siglingagjald. BS segir að það hafi verið 20.000 á Optimist fyrir fjóra mánuði. EK segir að hafi verið með fullgildum þjálfara. BS stingur upp á 5000 á mánuði t.d. frá 20/6 til 20/7. Ákveðið að manna 3 kvöld í viku, 5000 á mánuði í siglingagjald í

stað 5000 á námskeið. GGH finnst ekki mikið. TÆ segir að greiði líka félagsgjald. FH segir að ef menn borgi mánaðargjald megi ekki klikka að hafa opið. ÁBF vill koma, BS vill koma í húsið einhver kvöld. TÆ segir þurfa 3 á staðinn, reyna að hafa opið einhverja laugardaga, GGH segir að þá sé hægt að hringja. BS nefnir að hægt sé að setja á heimasíðuna eða koma upp netfanga póstlista. GGH vill að sett verði upp sumarfrídagatal. FH segir að það þurfi dagbók til að skrá á Secret. GGH segir að þeim verði ekki siglt fyrir en þeir fái haffærnisírteini, segir Skúla hafa verið fúlan yfir því, en sagði honum að nákvæmlega sama gildi fyrir alla.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:15

Birna Sigþórsdóttir (sign)